

378 Rullekl Ekstra

Flügger Adhesive er lím með vatnsgrunni til að hengja upp veggefni.

Vörulýsing

Forblandað, gagnsætt, sérstyrkt lím. Til að hengja upp veggefni þegar límið er borið á vegginn.

- Lím, veggefni
- Mjög sterkt
- Hægt að sprauta á



Notkunarmöguleikar

Innandýra í þurru rými til að hengja upp veggefni, 130-250 g/m², t.d. glervef, trefjavef, styrkingarvef og trefjagler. Á steypu, léttsteypu, múrhúð, gífsplötur, trefjagler, viðartrefjaplötur, viðarspón, spónaplötur og sandblásið undirlag.

Undirlag

Verður að vera hreint, þurrt, þétt og hentugt fyrir undirlagsmeðhöndlun.

Meðhöndlun

Fjarlægjið laust efni og málningu með því að hreinsa og þússa.

Fjarlægjið óhreinindi, feiti og kalkefni með því að hreinsa með Fluren 37.

Vatnsleysanlega upplitun, nikótín og sót er hægt að hreinsa með Fluren 49 og meðhöndla með Stop Primer grunnmálningu.

Hart, slétt undirlag skal þússa í matta áferð og grunna eftir þörfum með Fix Primer.

Spartla þarf í sprungur, ójöfnur og göt.

Hægt er að grunna íseygt og gljúpt undirlag með Sealer þéttiefni.

Hægt er að grunna ómeðhöndlað, málað og veggfóðrað undirlag með Combi Primer.

Notkun

Berið á vegg með bursta eða rúllu.

Gætið að þykkt lagsins á undirlaginu og veggefningu.

Berið blautt á blautt á jafnan hátt og ljúkið með því að nota pensil/rúllu í sömu átt.

Leyfið lími að þorna í stutta stund áður en veggefnið er hengt upp.

Mismunur í þykkt lagsins eða ójöfnur geta leitt til ójafns undirlags.

Sé lagið ekki nógu þykkt getur verið hætt á bóllumyndun og ónægri viðloðun.

Sé lagið of þykkt getur verið hætt á sprungumyndun og sjáanlegum blettum.

Lím sem borið er framan á veggfóðrið getur skilið eftir sig sjáanlega bletti.

Kuldi/hiti getur haft áhrif á seigju efnisins.

Hindra þarf rakapéttingu við þurrkun/hörðun

Kuldi og mikill umhverfisraki lengja þurrktíma og tefja fyrir því að efnið taki sig að fullu.

Mikill hiti og líftraki draga úr þurrktíma og leiða til þess að efnið tekur sig ekki jafnmikið.

Ávallt skal framkvæma prófunarmeðhöndlun til að athuga og samþykkja loðun og útkomu.

Væntanleg útkoma

Fest vel og jafnt við undirlagið.

Kemur ekki í veg fyrir að hnútar og vatnsleysanlegir litir, vatnsblettir og nikótín komi í gegn.

Hægt að mála yfir þegar veggefni og lím eru alveg þurr.

Sýnið aðgát og setjið ekki hluti á yfirborðið fyrr en límið hefur að fullu harðnað.

Athugið!

Tryggið góða loftun fyrir og eftir upphengingu.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægð sem mesta málningu af verkfærunum fyrir hreinsun. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Kalt, frostlaust og vel þétt

Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|-----------------------|
| Vara | [14] |
| Eðlisþyngd (kg/l) | 1.05 |
| Þurrefnisinnihald vigt % | 25 |
| Þurrefnisinnihald rúmmál % | 21 |
| Efnisnotkun (m ² /ltr.) | 5 |
| Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun | Min. +15°C |
| Loftraki | Hám. loftraki 80% RH. |
| Þynning | Ekki þynna |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Vatn |

Núverandi TDS útgáfa

desember 2021

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

janúar 2021